

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað, umdæmi v árið 1929.

Skógurinn: Grisjað hefur verið á þessum teigum. Hefur verið höggvið á hverjum fyrir sig samkv. eftirfarandi.

	Hús.	Efniv.
Vörðuhrauni	67 hestb.	4.45 hestl
Sv. milli Atlavíkurlæks og Kerlingarár	279.90 -	
Sv. milli Kerlingarár og Staðarár	78.00 -	
Mörkinni	129.85 -	
Hólunum	306.80 -	3,80 -
Partinum	290.00 -	
<u>Samtals:</u>	<u>1,151.55</u> -	<u>7.65</u> -

A flestum þessum teigum hefur verið grisjað í 2. sinn að meira að minna leyti.

Ársvöxtur: Vorð byrjaði óvanalega snemma og skogurinn tók að lífna í apríl. Einstaka tré voru allaufguð þegar kuldarnir komu seint í apríl. Héldust þeir kuldar laggt fram eftir maí og stóð þá gródur víða í stað. Júnimánuður mætti heita mjög hægstæður og sumaríð i heild sinni langt og gott, en haustið byrjaði með kuldum og stormum. Skogurinn var ordinn algrænn 29. maí. Lengstu ársprotar urðu 52 cm. (ca. 20 þuml)

Frævöxtur varð mjög litill, þrátt fyrir þá tilde virtist fremur hagstæð. Safnað var ca. 3. kg. Fræ á reynivið var einnig sama og ekkert nema á ræktuðum trjám. Ribsber spruttu allvel. Bláber sáust varla og eins var um hrútaber.

Maðkur var enginn á skóginum a þessu ari, fremur en undanfarin ár.

Girðingin: Bilanir voru ekki verðlegar, nema á Bjarginu framan við Þverbjarg. Þar brotnuðu um 30 birkistaurar. Annars þurfti girðingin minni lagfaringar en venjulega, því veturinn var mjög snjóleittur. En nú eru flestur furustaurarnir orðnir fúnir og þurfa endurnýjunar við á næstu ánum.

Græðireiturinn: Sáð var í græðireitnum birki- og reynifræi. Birkifræi kom vel upp, en reynifræið kemur ekki upp fyr en á næsta vori. Reynifræið í fyrra kom allvel upp og plönturnar prouðust vel í sumar. Dálítíð kom upp að lævirkjafrað sem ekki hafði spírad í fyrra. Sömuleiðis dálítíð af fræinu frá Ameriku, sem sáð var í fyrra.

Dreift var í græðireitnum af eftirtoldum tegundum.

Birki	ca. 3.800 stk.
Víðir	- 300 -

<u>Ribs</u>	<u>ca.</u>	<u>270</u>	<u>stk</u>
<u>Bláfura</u>	<u>-</u>	<u>100</u>	<u>- endurdreift.</u>
<u>Samtals:</u>			<u>4.470</u>
Sáð var úr græðireitnum:	Reyniviður	37	stk.
	Víðir	98	-
	Lævirkjatre.	59	-
	Furu	97	-
	Greni	80	-
	<u>Ribs</u>	<u>134</u>	<u>-</u>
	<u>Samtals:</u>		<u>505</u>
Auk þess sendar skógræktarstjóra		550	-
Ur skoginum voru soldar hnausapl.		521	-
- - - - - sendar skógræktarstjóra		100	-
Látio út af hnausaplöntum	621.		
Látnar út plöntur samtals			<u>1.671</u>

Sumatið var hagstætt fyrir plönturnar. Barrtré tóku góðum framförum.

Ferðir á árinu for ég til Móðrudals og suður í Öræfi og leyfi ég mér að vísa til sérstakrar skyrslu um þær. Sýslunefndin í Suður-Múlasýslu stofnaði a arinu sjóð til eflingar skógrækt í sýslunni, til minningar um 1000 ára afmæli Alþingis, með 5000 króna framlagi úr sýslusjóði. Við samninga skipulagsskrár fyrir nefndan sjóð, var ég til aðstoðar eftir tilmælum sýslumanns. Samkv. frumvarpi því til skipulagsskrár sem lagt verður fyrir næsta sýslufund, á að verja sjóðnum til útlána handa þeim sem stofna trjársékt við bæi og tún, með vægum lanskjörum. Sýslusjóður leggur síðan árlega dálitla fjárhæð í næstu 10 ár. Auk þess gert ráð fyrir að auka hann á annan hátt er hagkvæmast þykir og væntanleg sjóðsstjórn mælir með.

Hallormsstað 15. janúar 1930,  
Gutormur Pálsson.